

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hljómlistarsjóð Steinars Guðmundssonar frá Hamrendum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. júní 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hljómlistarsjóð Steinars Guðmundssonar frá Hamrendum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hljómlistarsjóður Steinars Guðmundssonar frá Hamrendum. Hann er stofnaður til minningar um Steinar Guðmundsson frá Hamrendum í Miðdalahreppi, Dalasýslu, sem fæddur var 29. júní 1938 og lézt af slysförum í Reykjavík 15. desember 1965.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru frjáls framlög stofnenda, svo og gjafir og áheit, sem honum kunna að berast fyrir 29. júní 1966.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að kaupa hljómlistartæki til afnota fyrir félagsheimili suðurhreppa Dalasýslu, svo og að styrkja tónlistarlíf innan sýslunnar eftir því sem geta sjóðsins leyfir.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af eignum hans, svo og gjafir, áheit og aðrar tekjur, sem honum berast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af ættingjum Steinars heitins Guðmundssonar, en tvo tilnefnir sýslumaður Dalasýslu.

Sóknarprestur Suður-Dalapinga skal vera endurskoðandi reikninga sjóðsins, en geti hann eigi sinnt starfinu, hreppstjóri Miðdalahrepps.

6. gr.

Sjóðurinn skal varðveittur í tryggri lánastofnun. Einnig má ávaxta fé sjóðsins í tryggum verðbréfum, ef stjórn sjóðsins sýnist svo. Þó má aldrei festa í slíkum bréfum meira fé en svo, að nægilegt fé sé handbært til þarfa sjóðsins.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.